

Nemendaping fyrir 8.-10. bekk 19. nóvember 2014

Á nemendapingi var farið yfir mötuneytismál, frímínútur, hreyfingu, kennsluaðferðir, val og félagsstarfið.

Mötuneyti

Nemendur höfðu mjög misjafnar skoðanir á því hvernig matseðillinn ætti að vera samsettur en sameiginlegt álit var að gott væri að hann væri sem fjölbreyttastur. Þá var almenn ánægja með þá breytingu að elstu nemendur borða ávexti í matsal en ekki skólastofum. Nemendur settu fram þá ósk að mega skammta sér matinn sjálf í hádeginu. Frá því í desember hefur framkvæmdin verið á þá vegu og gengið mjög vel.

Hreyfing

Nemendur tiltóku margt sem þeim fannst gott og/eða skemmtilegt í tengslum við hreyfingu í skólanum. Má nefna Péturshlaup, íþróttadagur, hreyfidagar og göngudagur. Nemendur tóku sérstaklega fram að þeim fannst fjölbreytni í íþróttatímum af hinu jákvæða. Nemendum finnst þó oft þröngt í klefum og of lítill tími gefinn í sturtu þegar ekki eru frímínútur eftir íþróttatíma. Eins minntust þau á að þegar Péturshlaupið er þá væri gott að útskýra hvers vegna hlaupið er mikilvægur atburður í skólanum og hvert tilefni hans er. Nemendur komu svo með ótal margar góðar hugmyndir um það hvernig hægt er að bæta íþróttalíf skólans enn frekar.

Frímínútur

Nemendur voru almennt ánægðir með fyrirkomulag í frímínútum. Aðstaða nemenda er almennt mjög góð (sófar, aðgangur að þráðlausu neti, borðtennisborð og fleira). Nemendur komu með tillögur að því að hvernig væri hægt að bæta aðstöðuna enn frekar. Nefndu þeir t.d. aukinn opnunartíma á bókasafni, körfuboltavöll úti, enn fleiri sófa og fleira.

Kennsluaðferðir

Nemendur almennt ánægðir með kennsluna. Einstaklingsbundið hvað var gott og hvað mátti betur fara. Nemendur þó ánægðastir með fjölbreytni og skýrt skipulag. Til að bæta aðferðir og skipulag lögðu nemendur m.a. til að hafa mjög skýrar áætlanir og nota Mentor.

Val

Nemendur eru ánægðir með að hafa val í námi. Þá voru þeir ánægðir með fjölbreytni í vali og með að geta nýtt sér utanskólaval. Nemendur komu með margar góðar tillögur að því hvernig mætti bæta enn frekar fyrirkomulag og innihald valtíma. Má þar nefna að stundum eru þrjár kennslustundir í röð of langur tími, hópar eru stundum of stórir og þá ekki víst að allir fái aðstoð við hæfi. Eins sögðu nemendur að hægt væri að undirbúa veturinn með áhugasviðskönnun meðal nemenda, að nemendur hefðu í raun meira um það að segja upp á hvaða valfög yrði boðið.

Félagsstarfið

Nemendur eru í heild sinni ánægðir með nemendaráð, félagsstarf og samstarf við félagsmiðstöð. Þeir komu þó með tillögur að því hvernig væri hægt að bæta starfið enn frekar, t.d. að auglýsa uppákomur á áberandi stöðum og með nægum fyrirvara.